



## Reglur um Miðjuna hæfingu og dagþjónustu Aðstoð vegna atvinnu fyrir fatlað fólk

Miðjan er hæfing, dagþjónusta fyrir fatlað fólk með þroskaröskun sem hefur þörf fyrir viðvarandi fjölþættan stuðning þjónustukerfa ríkis og sveitarfélaga, sbr. lög um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr 38/2018.

### Markmið og markhópur

#### 1. gr.

Samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 skulu starfræktar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, dagvistunarstofnanir og verndaðir vinnustaðir eftir því sem þörf er á. Einnig skal vera starfrækt atvinnuleit og starfsráðgjöf og veita skal fötluðu fólki aðstoð til að sinna störfum á almennum vinnumarkaði. Markmið þjónustunnar er að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni fatlaðs fólks til starfa og þátttöku í daglegu lífi.

#### 2. gr.

Norðurþing sér um framkvæmd þjónustunnar á þjónustusvæði sínu sem og í Þingeyjarsveit, Langanesbyggð og Tjörneshreppi á grundvelli þjónustusamnings milli sveitarfélaganna. Á svæðinu er rekin hæfingarstöð, vinnustaður, starfsþjálfun er í boði og atvinna með stuðningi. Allir íbúar á samningssvæðinu eiga jafnan rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

### Skipulag þjónustunnar

#### 3. gr.

Þjónustan er ætluð þeim sem vegna fötlunar og skertrar vinnugetu, þurfa sérstaka aðstoð við þátttöku á vinnumarkaði eða sérhæfð úrræði vegna fötlunar sinnar. Unnin er einstaklingsbundin þjónustuáætlun um framkvæmd fjölþættrar þjónustu þar sem tiltekin eru markmið áætlunar og leiðir að settum markmiðum, hverjir eru samstarfsaðilar og hverjir bera ábyrgð á að koma áætluninni í framkvæmd.

#### 4. gr.

Dagþjónustan er fyrir fatlað fólk sem býr við fötlun og þurfa þjálfun, afþreyingu og umönnun. Hæfing veitir þeim einstaklingum vinnu sem geta ekki eða óska ekki eftir að fara í vinnu á almennum vinnumarkaði. Þar fer enn fremur fram starfsþjálfun og mat á vinnugetu. Atvinna með stuðningi (AMS), veitir þeim sem hafa skerta vinnugetu víðtækan stuðning og aðstoð við að finna starf við hæfi ásamt eftirfylgd.



Hæfingarstöðin þjónar fyrst og fremst fólki með þroskaröskun. Markmið hæfingastöðvarinnar er að auka færni og efla sjálfstæði þeirra sem sækja þjónustuna til að takast á við verkefni innan og utan heimilis bæði hvað varðar vinnubrögð og ábyrgð í starfi ásamt því að styrkja sjálfshjálpargetu og sjálfsímynd þeirra. Á hæfingarstöðinni eru unnin verk fyrir utanaðkomandi aðila en jafnframt unnið við eigin söluvörur.

Þjónustunotendur eru fatlað fólk eldri en 18 ára sem fær sérhæfða og einstaklingsmiðaða þjónustu.

## Afgreiðsla umsókna

### 5. gr.

Allar umsóknir um Miðjuna hæfingu, dagþjónustu og aðstoð vegna AMS berast til ráðgjafa í málaflokk í fatlaðra innan félagsþjónustu Norðurþings á sérstökum eyðublöðum sem þar fást. Umsóknir eru teknar til afgreiðslu á samráðsfundi félagsþjónustu sem skipað er fulltrúum þjónustuaðila. Afgreiðslan tekur mið af þjónustumati umsóknaraðila.

## Málskotsréttur

### 6. gr.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur umsækjandi áfrýjað til fjölskylduráðs Norðurþings innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, Katrínartúni, Reykjavík. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjandi barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

Reglur þessar taka gildi frá og með 22. september 2022

Samþykkt í Fjölskylduráði þann 6 september 2022

Samþykkt af sveitarstjórn 22. september 2022

